

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Drangahraun og Skútahraun.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 28. ágúst sl. breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Drangahraun og Skútahraun. Breytingin felst í að fallið er frá heimild um að bílastæði fyrir lóðirnar á Drangahrauni séu á lóð Skútahrauns 2a, byggingarreitur Drangahrauns 3 og 5 breytast og byggingarreitur Drangahrauns 1 stækkar.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. september 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. október 2024